

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun íbúðafélags Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg stofni óhagnaðardrifið íbúðafélag ætlað tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum sem uppfylla ekki skilyrði Félagsbústaða um félagslegt leiguhúsnæði. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útvega lóðir og leita að samstarfsaðilum til uppbyggingar á einingahúsum (e. modular housing) fyrir íbúðafélagið, þar sem leitast verði við að tryggja fjölbreyttar stærðir af íbúðum. Einingahús hafa vakið athygli fyrir að vera hagkvæm, vönduð og fljót í uppsetningu. Því er lagt til að Reykjavíkurborg leiti að slíkum einingahúsum til að tryggja hraða og hagstæða en jafnframt vandaða uppbyggingu á húsnæði fyrir þá sem eru í þörf fyrir leiguíbúðir á viðráðanlegu verði. Lagt er til að að framtíðar útfærsla á íbúðafélaginu fari fram í samvinnu við framtíðar leigjendur. Upphaf verkefnisins verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð eftir því sem fjárheimildir leyfa og framtíðar ákvarðanir um fjármögnun verða teknar á vettvangi borgarstjórnar og borgarráðs eftir því sem við á.

Greinargerð:

Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og öðrum aðgerðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði skilaði af sér niðurstöðum í upphafi þessa árs. Þar kom fram að óuppfyllt íbúðapörf væri á bilinu 5.000- 8.000 íbúðir á landinu öllu. Áætlanir gera ráð fyrir uppbyggingu 10.000 íbúða á árunum 2019-2021 og ef að slíkt verður að veruleika, minnkar óuppfyllt íbúðapörf á landinu en er samt sem áður metinn í kringum 2.000 íbúðir í upphafi árs 2022.

Niðurstöður átakshópsins benda því á að það þurfi að byggja að meðaltali 1.830 íbúðir árlega á tímabilinu 2019-2040 til að mæta óuppfylltri íbúðapörf og þeirri þörf sem skapast á tímabilinu. Gangi áætlanir um húsnæðisuppbyggingu upp á árunum 2019-2021 þá er samt sem áður þörf á 1.580 íbúðum árlega á landsvísu samkvæmt niðurstöðum átakshópsins. Þá kemur fram í niðurstöðum að vísbendingar séu um að framboðið sem nú sé að myndast henti síður tekju- og eignalágum. Stór hluti lítilla íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu virðist vera í hverfum þar sem fermetraverð er hæst. Það sé því nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir til að auka framboðið á hagkvæmum íbúðum á viðráðanlegu verði. Út frá þessum tölum má síðan áætla að stór hluti þess eigi við um Reykjavíkarsvæðið. Borgin er nú í samstarfi við félög sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða en hér er lagt til að Reykjavíkurborg sjái einnig sjálf um að auka fjölda íbúða á viðráðanlegu verði.

Húsnæðisstaða margra er oft mjög slæm, þar sem einstaklingar og fjölskyldur á almennum leigumarkaði greiða hátt hlutfall ráðstöfunartekna sinna í leigu og hafa ekkert annað að leita. Ungt fólk dvelur oft lengur í foreldrahúsum en áður og jafnvel með börn sín, þar sem það hefur ekki kost á öðrum valmöguleikum. Mörg dæmi er um að einstaklingar og fjölskyldur búi í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði eða inni á öðrum fjölskyldumeðlimum eða vinum, þar sem þau ráða ekki við verðið á almennum leigumarkaði.

Þá eru einnig margir í slæmri fjárhagslegri stöðu en uppfylla ekki matsviðmið varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði og uppfylla því ekki skilyrði fyrir úthlutun félagslegrar leiguíbúðar. Þar að auki eru 752 á biðlista eftir almennt félagslegri leiguíbúð og á bak við þann fjölda umsókna eru einnig barnafjölskyldur. Það er því nauðsynlegt að fjölga húsnæðisuppbyggingu í borginni sem ætlað er að mæta þeim tekjulægstu.

Íbúðafélag sem hefur það að markmiði að tryggja borgarbúum aðgengi að öruggu, vönduðu húsnæði á viðráðanlegu verði er nauðsynlegur þáttur í þeim veruleika sem blasir við okkur í dag. Með þessu móti gæti Reykjavíkurborg öðlast frekari þekkingu á sviði nýjunga í húsnæðismálum og nýtt hana í framtíðar húsnæðisuppbyggingu. Lagt er til að hugmyndir um framtíðarsýn íbúðafélagsins verði síðan útfærðar út frá áherslum leigjendanna sjálfra.